



Stjórnarfundur 6 fimmtudaginn 6. mars 2014 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Kristján Geir Guðmundsson.

Afboð og mættu ekki: Aðalsteinn Einar Eymundsson, Dagbjört Víglundsdóttir, Mundína Kristinsdóttir, Hreggviður Norðdahl og Brynja María Ólafsdóttir afboðuðu sig.

Dagskrá

- Bikarkeppni
- Árs- og uppskeruhátíð
- Landsliðsmál
- Ársþing BLÍ
- EM Smáþjóða
- Önnur mál

Fundargerð

- **Bikarkeppnin**
 - Rætt um að Kjörís og Þekking muni kosta beinar útsendingar frá bikarúrslitaleikjunum og enn þann möguleika að Sporttv muni framleiða undanúrslitaleikina fyrir sjónvarp á laugardeginum. Kostnaðurinn er töluverður af því og verður ekki farið út í það öðruvísi en að fá styrktaraðila.
 - Umsjónin verður ekki með sama hætti og síðustu ár. Þróttur R verður með veitingasölu og eitthvað af boltafólki og starfsmönnum en nær ekki að manna allar stöður.
 - Dómaranefnd sér alfarið um dómara og línuverði
 - BLÍ er að tala við nokkur félög um að taka að sér ritarahlutverk, kynni og tónlist. Rætt um gæslu og þarf að vinna í því!
 - Leifur og Stefán hafa verið nefndir sem lýsendur fyrir BLÍ með Sigurbirni Árna
 - Rætt um verðlaunaafhendingu og verðlaunapalla – skoða að hafa verðlaunaafhendingu undir austursvölum líkt og í handboltanum.
- **Árs- og uppskeruhátíð BLÍ**
 - Hugmyndir um heiðursgesti: Steingrímur J., Jón Gnarr, Ingvar ÍBR
 - Stjórn bíður stjórnarmönnum og helstu styrktaraðilum sambandsins
 - Atkvæðaseðlar og auglýsing send til félaganna fyrir helgi
- **Landsliðsmál**
 - Í vikunni var tilkynnt um ráðningu Daniele Capriotti fyrir kvennaliðið. Þjálfarateymi hans verður skipað góðu fólki. Mundína Ásdís Kristinsdóttir verður áfram sjúkraþjálfari liðsins og Guðbergur Egill líklegur kandidat í aðstoðarþjálfarann.
 - Staðan á karlaliðinu er í lagi og verið að ræða við einn þjálfara sem hefur verið efstur á blaði frá upphafi. Sá er mjög reyndur og væri gríðarlega góður kostur. Rætt hefur verið við Eisu Sænýju sem aðstoðarþjálfara og gengur það vel. Stefnum á að fá Gunnar Svanbergsson sem sjúkraþjálfara fyrir liðið.
 - Stjórn BLÍ lýsir yfir mikilli ánægju með störf landsliðsnefndar í þessum málum

- **Ársþing BLÍ**
 - Vantar húsnæði fyrir ársþing BLÍ þann 17. maí þar sem Íþróttamiðstöðin er upptekin. Rætt um að tékka á Laugardalshöll og Fagralundi
- **EM Smáþjóða**
 - Framkvæmdanefnd hefur enn ekki fundað en ljóst er að Hrafnhildur Theódórsdóttir verður ekki formaður. Ákveðið að tala við Júlíus Hafstein um formennsku í nefndinni en nú þegar hefur heilmikið verið gert sbr. síðustu fundargerð.
 - Ólafur J hefur verið skipaður inn í nefndina í tæknimálin og rætt hefur verið við aðra vegna helgarinnar um sjálfbóaliðastörf.
- **Önnur mál**
 - Jason Ívarsson á heimsþing til Milan í haust
 - Öldungamót BLÍ sendi beiðni til okkar vegna umfjöllunar Öldungamótsins í þætti á sjónvarpstöðinni N4 á Akureyri. Ákveðið að styrkja verkefnið um 100 þúsund krónur.

Fundi slitið kl. 18.00

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð